

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Efni: Niðurstaða útboðs vegna trygginga – útboð nr 15279

Þann 14. september sl. voru opnuð tilboð vegna trygginga stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar.

Tilboð bárust frá þremur aðilum:

Bjóðendur:	Tilboðsverð við opnun	Tilboðsverð eftir yfirferð
1 Tryggingamiðstöðin hf.	1.572.210.261	1.572.210.261
2 Sjóvá-Almennar hf.	706.042.207	1.328.964.762
3 Vátryggingafélag Íslands hf.	1.368.340.697	1.330.075.169

Við yfirferð tilboða voru tilboð endurreiknuð miðað við uppgöfin einingaverð samkvæmt útboðsgögnum. Við yfirferðina kom í ljós að mistök höfðu orðið í framsetningu Sjóvá og útreikningi á þann veg að opinber gjöld vegna brunatrygginga höfðu ekki reiknast inn í samtölu tilboðs – og var tilboðið leiðrétt til samræmis. Í tilboði VÍS voru reiknivillur í samtölum sem voru leiðréttar við yfirferðina miðað við forsendur útboðs.

Samkvæmt lið 1.8 í útboðsgögnum skal taka lágsta tilboði, enda uppfylli lágstbjóðandi þau skilyrði sem sett eru fram í gögnunum.

Sjóvá er lágstbjóðandi og telst einnig uppfylla þær kröfur sem gerðar voru til bjóðenda um hæfi og framlagningu gagna og fjárhagsskoðun hefur verið framkvæmd af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að tilboði Sjóvá verði tekið og samið verði við félagið í framhaldi.

Virðingarfyllst,

Berglind Söebeck
verkefnisstjóri trygginga